

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2022
2205248/0.4.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað) – 596.mál.

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri á að veita umsögn um málið sem snýr að því að lagt til að smærri brugghúsum verði gert kleift að selja áfengt öl í smásölu beint til neytenda að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Umsögn þessi byggir á fyrri umsögnum og lýðheilsusjónarmiðum. Því vill Embætti landlæknis undirstrika og ítreka mikilvægi þess að allar breytingar á málaflokknum kalla á heildræna nálgun og að erfitt geti verið að einblína á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað um mat á áhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum. Þá er vert að ítreka enn frekar að áfengi er engin venjuleg neysluvara vegna þess skaða sem það veldur, bæði á einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur bent á að þróun og framkvæmd áfengisstefna hefur gengið misjafnlega á svæðum og meðal aðildarríkja stofnunarinnar. Frá því að fyrri heimsáætlun um að draga úr skaðlegum áhrif áfengis var samþykkt árið 2010 hefur úrræðum og getu til að innleiða þá áætlun verið ófullnægjandi og illa tekist að draga úr umfangi áfengisvandans. Fyrir vikið deyr einstaklingur á 10 sekúndna fresti af völdum áfengis. Þess vegna var ný áætlun samþykkt einróma á 75. heimsþingi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í lok maí þessa árs til að hrinda í framkvæmd alþjóðlegri stefnu til að draga úr skaðlegri neyslu áfengis sem forgangsverkefni fyrir lýðheilsu. Áætlunin er tímasett árin 2022-2030 (GAAAP 2022-2030). Í áætluninni eru sett fram markmið, meginreglur og lykilaðgerðasvið til að draga úr skaða af völdum áfengis. WHA75 samþykkti áætlunina einróma og styður þar með yfirgripsmikla áætlun með metnaðarfullum markmiðum til að flýta aðgerðum gegn áfengi sem forgangsverkefni lýðheilsu.

Á landsvísu bera aðildarríkin meginábyrgð á þróun, framkvæmd, eftirliti og mati á opinberri stefnu til að draga úr skaðlegri notkun áfengis í samræmi við þarfir þeirra og samhengi. Meðal markmiða sem sett eru fram eru að draga úr notkun áfengis um 20% árið 2030, miðað við stöðuna árið 2020. Með skaðlegri notkun áfengis er átt við heildarnotkun áfengis. Þá eru stjórnvöld hvött til að innleiða SAFER áætlun.

Um að ræða grundvallar breytingu á því fyrirkomulagi sem nú er í gildi og þykir til fyrirmyndar og gengur því gegn tilmælum WHO um skilvirkar aðgerðir til að draga úr skaðlegum afleiðingum áfengis.

Embættið hvetur því til að unnið verði að heildrænni stefnumótun í málaflokknum og varar við tilslökunum sem geta leitt til enn frekari tilslökunar án þess að fyrir liggi rammi eða umgjörð sem tekur tillit til forvarna og lýðheilsu. Í því samhengi vill embættið benda á verkefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, [SAFER](#), sem ætlað er að draga úr áfengistengdum skaða með ýmsum stjórnvaldsaðgerðum. Meðal aðgerðar má nefna takmarkanir á aðgengi að áfengi og bann eða víðtækar takmarkanir á auglýsingum, kostun og markaðssetningu á áfengi.

Að lokum vill embættið taka fram að sérfræðingar þess eru reiðubúnir til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þessi áform eins og kveðið er á um í lögum um landlækni og lýðheilsu.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
Aðstoðarmaður landlæknis

Rafn Magnús Jónsson
verkefnisstjóri
svið lýðheilsu